



Alþingi  
Erindi nr. P 121/1776  
komudagur 28.4.197

25. apríl 1997

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Í bréfi, dags. 21. apríl sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 530. mál, heildarlög.

Lengi hefur verið unnið að því að ná samkomulagi um rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða í landinu. Síðla árs 1995 skipaði fjármálaráðherra nefnd um lífeyrismál og átti Seðlabanki Íslands m.a. fulltrúa í henni. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var nefndin leyst frá störfum í mars sl. og er frumvarpið „að nokkru leyti byggt á því starfi sem fram fór í nefndinni“ eins og segir í athugasemdum við frumvarpið.

Með hliðsjón af því hve torsótt hefur jafnan reynst að ná sátt um heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefur Seðlabanki Íslands á undanförunum árum oft lagt áherslu á mikilvægi þess, opinberlega og í nefndastarfi, að sett yrðu lög um afmarkaða þætti í starfsemi sjóðanna, sérstaklega um rekstur, fjárvörslu og eftirlit með starfsemi þeirra. Nú liggur fyrir frumvarp til laga um heildarlöggjöf og fagnar bankinn því að þar skuli tekið á þeim þáttum sem hann hefur lagt áherslu á að lögfesta þyrfti.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til mismunandi útfærslna á fyrirkomulagi lífeyrismála en leggur áherslu á hve mikilvægt öflugt lífeyriskerfi byggt á sjóðsöfnun og skylduaðild að kerfinu er fyrir þjóðhagslegan sparnað og eflingu fjármagnsmarkaða.

Í köflum VI og IX er fjallað um rekstur, innra eftirlit og eftirlit. Samráð var haft við Seðlabankann um ákvæði þessara kafla og gerir bankinn ekki athugasemdir við þau ef frá er talin lítil athugasemd við 45. gr. sem síðar verðu vikið að. Mjög mikilvægt er að þessi atriði verði fest í lög. Frumvarpið gerir ráð fyrir að bankaeftirliti Seðlabanka Íslands verði falið eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Seðlabankinn er reiðubúinn að axla það hlutverk og minnr á að nú þegar hefur bankaeftirlit Seðlabankans eftirlit með vissum þáttum í starfsemi sjóðanna og hefur því byggt upp þekkingu á starfsemi þeirra sem nýtist að fullu í eftirliti hliðstæðu því sem við á um starfsemi annarra stofnana sem lúta eftirliti bankaftirlits Seðlabankans. Í frumvarpinu og í greinargerðinni er ýmist vísað til *bankaeftirlitsins* eða *bankaftirlits Seðlabanka Íslands*. Til þess að gæta innbyrðis samræmis og samræmis við önnur nýlega sett lög er lagt til að í 3. mgr. 36. gr. verði tilgreint *bankaftirlit Seðlabanka Íslands*. Þar með yrði fylgt þeirri reglu að í fyrsta sinn sem til þess er vitnað í hverjum kafla frumvarpsins verði það tilgreint sem

*bankaefstirlit Seðlabanka Íslands en bankaefstirlitið í síðar tilvitnunum í hverjum kafla. Sú breytingartillaga er gerð við 45. gr. að 1. ml. verði orðaður svo: Heimilt er Seðlabanka Íslands að ákveða viðurlög...o.s.frv.*

Kafli VII fjallar um fjárfestingarstefnu sjóðanna og hafði Seðlabankinn tækifæri til þess að hafa áhrif á efni kaflans á sínum tíma. Bankinn leggur áherslu á mikilvægi þess að ákvæði kaflans verði lögfest og gerir aðeins tvær athugasemdir við efni hans. Í fyrsta lagi er lagt til að 6. mgr. 36. gr. orðist svo: *Lífeyrissjóður skal takmarka gengisáhættu í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins og í einstökum gjaldmiðli við 15% af hreinni eign sjóðsins.* Þetta er byggt á því að gengi einstakra mynta gagnvart krónu sveiflast yfirleitt mun meira en gengi krónunnar gagnvart safni mynta. Meiri áhætta er því tengd einstökum myntum og í raun frekar ástæða til að takmarka gengisáhættu í þeim heldur en í heild. Eftir sem áður er hér gert ráð fyrir töluverðri áhættu, ekki síst í ljósi þess að skuldbindingar sjóðanna eru verðtryggðar í íslenskum krónum. Í öðru lagi er í 1. mgr. 39. gr. m.a. fjallað um hreina eign til greiðslu lífeyris. Hér er væntanlega átt við hreina eign til greiðslu lífeyris eftir endurmat vegna núvirðingar eigna sbr. niðurlag 1. mgr. 24. gr., en ekki hreina eign til greiðslu lífeyris samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Til að taka af allan vafa í þessu tilliti er lagt til að upphaf 1. mgr. 39. gr. hljóði svo: *Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris eftir endurmat vegna núvirðingar eigna ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera ... o.s.frv.*

Í 51. gr. er fjallað um bakábyrgð ríkis, sveitarfélaga og ríkisbanka á lífeyrissjóðum og minnir Seðlabankinn á þá afstöðu sína, sem hann hefur m.a. áður lýst í um-sögnum til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að mikilvægt sé að leysa ríkissjóð og aðra opinbera aðila undan ábyrgð á fjármálastofnunum.

Ákvæði 56. gr. frumvarpsins mættu vera skýrari og leggur bankinn til að 3. lína 1. mgr. orðist svo: *...á óbreyttum réttindagrundvelli vegna núverandi sjóðfélaga...*

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Níel M. Gunnarsdóttir, þingmaður*